

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kópavogi.

Vatnsendi. F-reitur (vesturhluti). Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs þann 27. maí 2003 samþykkt tillögu að deiliskipulagi vesturhluta F-reits í Vatnsenda. Deiliskipulagssvæðið afmarkast af fyrirhuguðum húsum við Fellahvarf til austurs, Vatnsendabletti 5 til suðurs, breyttri legu Elliðahvammavegar til vesturs og núverandi Vatnsendavegi til norðurs. Í tillögunni felst að á deiliskipulagssvæðinu verði byggð þriggja hæða fjölbýlishús með 42 íbúðum. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum dags. 19. júní 2002. Tillagan var samþykkt óbreytt en eftirfarandi lagfæringar voru gerðar á deiliskipulagsgögnum: skilmálar um staðsetningu húsa innan lóðar voru gerðir skýrari, bætt var inn skilmálum um sameiginleg leiksvæði auk upplýsinga um hljóðvist.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 17. júlí 2003.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.